

**Nd.**

**148. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir athugað og rætt frv. þetta á nokkrum fundum, en ekki getað orðið ásátt um meðferð þess, þótt að samkomulagi hafi orðið að láta að eins eitt nefndarálit koma fram. Nefndin er öll sammála um að flytja brtt. við frv., um að ákveða megi með lögum, að þing skuli haldið annaðhvert ár.

Allir nefndarmenn nema Magnús Pjetursson eru sammála um að leggja til, að þing verði að eins haldið annaðhvert ár, en einungis 2 (Einar Þorgilsson og Magnús Guðmundsson) eru því meðmæltir, að ráðherra sje að eins einn. Þó mundi Magnús Pjetursson geta gengið að þessari breytingu, ef þingum væri ekki fækkað.

Enginn nefndarmanna nema Magnús Pjetursson vill stuðla að frekari breytingum á stjórnarskránni en frv. ráðgerir. Hefir hann því áskilið sjer að koma fram með ýmsar brtt. Þeir Þorleifur Jónsson og Ingólfur Bjarnarson munu og koma fram með brtt. til þess að nema burtu ráðherrafækkun þá, sem frv. ylli, ef að lögum yrði.

Með því að skoðanir nefndarmanna eru eigi líkari en þetta, þykir ritara nefndarinnar eigi rjett eða fært að skýra í áliti þessu frá, á hverju þær eru bygðar, og verður það því að biða umræðnanna um málið.

Allir nefndarmenn hafa komið sjer saman um svo hljóðandi

#### BREYTINGARTILLÖGU.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Með lögum má ákveða, að Alþingi skuli háð árlega.

Alþingi, 16. mars 1923.

Þorleifur Jónsson,  
formaður.

Magnús Guðmundsson,  
ritari.

Ing. Bjarnarson,

Einar Þorgilsson.

Magnús Pjetursson,  
með fyrirvara.